

4. október 2023

Mál nr. 2/2023

## Áfrýjunardómstóll ÍSÍ

Jóhann R. Skúlason

gegn

### Landssambandi Hestamannafélaga

Með bréfi dagsettu 10. ágúst 2023 sl. krafðist áfrýjandi, Jóhann R. Skúlason þess að úrskurður dómstóls ÍSÍ í máli nr. 7/2023 um frávisun málsins, sem kveðinn var upp 4. ágúst 2023 yrði felldur úr gildi og lagt fyrir dómstól ÍSÍ að taka málið til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar dóms að nýju, auk málskostnaðar. Af hálfu stefnda, Landssambandi hestamannafélaga var þess krafist að úrskurður dómstóls ÍSÍ yrði staðfestur auk málskostnaðar.

Málið var dómtekið 2. október sl. eftir að aðilar höfðu gert grein fyrir sjónarmiðum sínum.

I.

Með ákvörðun stjórnar stefnda þann 29. október 2021, var áfrýjanda vikið úr landsliðshópi Íslands í hestaíþróttum. Áfrýjanda var kynnt um ákvörðunina í símtali eftir fundinn. Þá birtist fréttatilkynning þessa efnis á heimasíðu stefnda tveimur dögum síðar. Ákvörðun stjórnarinnar byggðist á refsidómi sem áfrýjandi hlaut á árinu 1994.

Með bréfi dagsettu 23. maí sl. krafðist áfrýjandi þess að ákvörðun um að víkja áfrýjanda úr landsliðshópi í hestaíþróttum yrði þegar afturkölluð og áfrýjandi yrði tekinn inn í landsliðshóp Íslands í hestaíþróttum. Í bréfi stefnda 16. júní sl. er vísað til þess að áfrýjandi hafi óskað eftir því að stefndi endurskoði ákvörðun sína um að víkja áfrýjanda úr landsliðshópnum. Í bréfinu kemur fram að stjórn stefnda telji ekki rétt að víkja frá fyrri ákvörðun. Um málavexti að öðru leyti vísast til úrskurðar dómstóls ÍSÍ.

II

Samkvæmt grein 24.1 í lögum ÍSÍ er kærufrestur til dómstóls ÍSÍ sjö virkir dagar og skal talið frá og með deginum eftir að atvik það, sem kært er bar við eða ástandi lauk ef um ástandsbrott er að ræða séu ekki skemmri frestir ákveðnir í lögum viðkomandi sérsambands. Samkvæmt ákvæði 24.2. getur dómstóll ÍSÍ þó veitt leyfi til að mál sé höfðað eftir að kærufrestur er liðinn ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Ákvörðun um að víkja áfrýjanda úr landsliðshópi Íslands var tekin þann 29. október 2021 og kynnt áfrýjanda símleiðis. Tilkynning var birt á heimasíðu stefnda þann 31. október 2021. Það var síðan ekki fyrir en 23. maí 2023 sem áfrýjandi krafðist þess að umrædd ákvörðun yrði afturkölluð.

Með bréfi 23. maí 2023 freistaði áfrýjandi þess að fá stjórn stefnda til þess að fella umrædda ákvörðun niður. Þeirri ákvörðun hafnaði stjórn stefnda með bréfi 16. júní sl. Þann 23. júní sl. barst kæra til dómstóls Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands þar sem áfrýjandi gerði þá kröfu að ákvörðun stjórnar áfrýjanda um að víkja honum úr landsliðshópi yrði felld úr gildi.


Þó fallast megí á það að áfrýjandi geti ekki haldið að sér höndum í tæplega 17 mánuði frá því að hann fékk vitneskju um ákvörðunina, jafnvel þó að ástæða hafi verið til þess að standa betur að umræddri ákvörðun

og aðstæður séu um margt sérstakar, kemur það ekki í veg fyrir að hann geti freistað þess að fá stjórn stefnda til þess að fella ákvörðunina úr gildi á síðari stigum. Jafnframt verður að gera ráð fyrir því að hann geti eftir atvikum borið synjun slíkrar beiðnar undir dómstóla. Áfrýjandi óskaði eftir endurskoðun á ákvörðun stefnda með bréfi dagsettu 23. maí sl., sem stefndi hafnaði með bréfi dagsettu 16. júní sl. Þann 23. júní. sl. var síðan móttækin kæra til dómstóls ÍSÍ þar sem áfrýjandi krafðist þess að ákvörðun stjórnar stefnda yrði felld úr gildi. Slík krafa var móttækin innan þess frests sem kveðið er á um á grein 24.1. í lögum ÍSÍ og þarf þá ekki að fjalla sérstaklega um hvort ástæða sé til þess að heimila lengri fresti samkvæmt grein 24.2. Þá verður að telja að áfrýjandi hafi lögvarða hagsmuni af því að fá niðurstöðu um það hvort hann sé fyrirfram útilokaður frá þátttöku í landsliðshópi Íslands í hestaíþróttum.

Samkvæmt framangreindu verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir dómstól ÍSÍ að taka kröfur áfrýjanda um hvort fella eigi úr gildi ákvörðun stjórnar stefnda um að vikja áfrýjanda úr landsliðshópi Íslands í hestaíþróttum til efnismeðferðar.

#### Dómur

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og lagt fyrir dómstól ÍSÍ að taka kröfur áfrýjanda til efnismeðferðar. Málkostnaður dæmist ekki.

  
Helga Melleska Ottarsdóttir  
Judee Ottarsdóttir